

vegna ummæla, sem aðiljar hafa haft hvor um annan, meðan málið hefur verið rekið.

Þegar af þessari ástæðu verður stefnanda dæmd sýkna af gagnkröfum stefnda, og þykir ekki vera ástæða til að greina hér nánar ummæli aðilja.

Gagnkröfur stefnda voru, sem fyrr segir, gerðar, án þess að stefndi leitaði leiðbeininga dómara. Gagnkröfurnar verða að teljast dómtækar. Hafði stefndi í greinargerð sinni gerrt nánari grein fyrir fébótakröfum sínum.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppsaga dómsins hefur dregizt, þar sem úrskurður um frávísunarkröfu stefnda varð vegna anna ekki upp kveðinn fyrr en 22. desember. Þótti síðan rétt að bíða þess, að kærufrestur liði.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu.

Stefnandi skal vera sýkn af gagnkröfum stefnda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1966.

Nr. 236/1966. Jón Karlsson

gegn

Júlíusi Helgasyni

Sigurði Jónssyni

Zophóníasi Ásgeirssyni og

Sigurgeir Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. október 1966, sem Hæstarétti barst 7. nóvember

s. á. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur, synjað verði um hinn umbeðna frest og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Jón Karlsson, greiði varnaraðiljum, Júlíusi Helgasyni, Sigurði Jónssyni, Zophóníasi Ásgeirssyni og Sigurgeir Guðmundssyni, kærumálskostnað, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1966.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur Áki Jakobs-son hæstaréttarlögmaður vegna Jóns Karlssonar höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. september s.l., gegn Júlíusi Helgasyni, Sogavegi 172, Reykjavík, Sigurði Jónssyni, Langholtsvegi 41, Reykjavík, Zophóníasi Ásgeirssyni, Holtsgötu 13, Hafnarfirði, og Sigurgeir Guðmundssyni, Háukinn 3, Hafnarfirði, til þess að fá þá dæmda in solidum til greiðslu skuldar að upphæð kr. 35.000.00 með 8% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar skv. mati réttarins.

Stefndu hafa tekið til varna í máli þessu og gert þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo, að stefndu hafi leigt bát hans yfir tímabilið 25. 5. til 30. 9. 1966. Þeir hafi greitt leiguna skilvíslega þar til þann 25. ágúst s.l., að þeir hafi átt að greiða síðustu greiðsluna, kr. 35.000.00. Þessa greiðslu hafi þeir ekki greitt. Auk þess hafi stefndu hlaupið frá leigu á bátnum. Samkvæmt

7. gr. leigusamningsins fyrir bátinn, sem lagður hefur verið fram í málinu sem rskj. nr. 4, megi innheimta leiguna skv. 17. kafla einkamálalaganna. Reikningur, sem lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 3, sýni, hver skuld stefndu sé. Hér þurfi því ekki frekari rökfærslu.

Í greinargerð lögmanns stefndu á dskj. nr. 5 í málinu segir svo: „... Umbjóðendur mínir notuðu bátinn og greiddu leiguna skilvíslega. Hinn 11. ágúst 1966 var talstöð bátsins innsigluð af Landssíma Íslands vegna vanskila leigusala af gömlum gjöldum af stöðinni í bátnum, sbr. dskj. nr. 6. Þótt umbjóðendur mínir hefðu getað greitt þessa skuld við Landssímann, sem óvíst er, bar þeim engin skylda til þess. Þeir höfðu, er hér var komið sögu, greitt leigusala kr. 105.000.00, eða hér um bil kr. 16.000.00 fram yfir það, sem liðið var af leigutímanum, en það voru 76 dagar. Samkvæmt lögum nr. 50/1959, 31. gr. b., sbr. einnig reglur nr. 52 frá 12. marz 1965 um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, 5. fl., verður ekki annað séð, en að vélbát, eins og hér um ræðir, sé óheimilt að stunda fiskveiðar nema með talstöð í lagi. Fleiri atriði renna reyndar stoðum undir það, að lokun sú, sem hér um ræðir á talstöðinni og er sök leikusala, sé brot á leigusamningum og orsaki eðlilega riftingu á honum.“

Við fyrirtöku máls þessa fimmtudaginn 20. október s.l. var lögð fram greinargerð af hálfu stefndu. Lögmaður stefndu fór síðan fram á frest til fimmtudags 8. desember n. k., en lögmaður stefnanda synjaði um frestinn. Ákvað þá dómarrinn, að mál þetta skyldi tekið fyrir í dag og skyldi þá málið flutt munnlega um frestbeiðni lögmanns stefndu. Í morgun kl. 1000 fór síðan fram munnlegur málflutningur um frestbeiðnina.

Lögmaður stefndu tók fyrstur til máls og rökstuddi frestbeiðni sína með því, að umbj. hans væru á síldveiðum fyrir Austurlandi og kæmu ekki til borgarinnar fyrr en í desember n. k. Jafnframt kvaðst hann vilja reyna sáttaumleitanir í málinu. Einnig kvaðst lögmaðurinn ekki hafa fengið mál þetta fyrr en 19. september s.l., en það hafi verið þingfest 15. sept.

Lögmaður stefnanda kvaðst synja um frest á þeim forsendum, að stefndu hafi allir verið í borginni, þegar mál þetta hófst. Hafi þeir ekki svarað sáttaboði og samkvæmt ákvæðum leigusamnings þess, sem lagður sé fram í málinu, færi innheimta á umdeildri leigu eftir 17. kafla einkamálalaganna. Jafnframt óskaði hann bókað, að fyrir bæjarþinginu væri annað mál, þar sem stefnandi þessa máls kræfi stefndu um bætur vegna vanefnda á samningi

að upphæð kr. 37.120.90. Í því máli hafi verið veittir frestir eftir þörfum, en það hafi verið þingfest 22. september s.l.

Málið var síðan tekið til úrskurðar.

Í 17. kafla einkamálalaganna eru sérstök fyrirmæli um meðferð víxilmála, tékka og skuldabréfa, ef sá samningur hefur verið skráður í texta skuldabréfsins. Meðferð mála þessara vikur í veigamiklum atriðum frá almennri meðferð einkamála. Verður að telja, að þau mál, sem talin eru í 17. kafla laganna, séu tæmandi talin og um önnur mál sé ekki hægt að semja þannig, að um meðferð þeirra fyrir dómi fari eftir ákvæðum þessa kafla. Af þessu leiðir, að ákvæði skipsleigusamnings þess, sem lagður hefur verið fram í málinu, um það, að mál, sem rísa kunni út af honum, og innheimtur megi reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. 17. kafla einkamálalaganna kemur ekki í veg fyrir, að stefndu komi að vörnum í máli þessu.

Þegar rök stefnda fyrir umbeðnum fresti eru virt og jafnframt það haft í huga, að líklegt má telja, að aðilja- og vitna-yfirheyrslur þurfi fram að fara í máli þessu, þá þykir rétt að veita hinn umbeðna frest.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hinn umbeðni frestur er veittur.
